



Númer: 8/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

B.t. regluvarðar

6. febrúar 2018

Tilvísun: 2018010258

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA (2013/74)¹ vegna undanþágu viðskiptavaka og aðila á frummarkaði á grundvelli reglugerðar ESB nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) sem varða undanþágur fyrir starfsemi viðskiptavaka og starfsemi á frummarkaði frá tilteknum ákvæðum reglugerðar ESB nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (skortsölureglugerðin). Fyrrgreind reglugerð var innleidd í íslensk lög með lögum um skortsölu og skuldatryggingar nr. 55/2017. Tilgangur viðmiðunarreglna ESMA er að koma á fót samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglur eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093-1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 um að koma á fót evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og markaðsaðilar skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Fyrrgreindar viðmiðunarreglur ESMA um undanþágur viðskiptavaka og aðila á frummarkaði eiga við þegar þessir aðilar hafa á grundvelli 17. gr. skortsölureglugerðarinnar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um að þeir hyggist nýta undanþágurnar. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. skal aðili tilkynna Fjármálaeftirlitinu með 30 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér undanþágurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 17. gr. Um er að ræða m.a. undanþágur frá tilkynningarskyldu um skortstöður og takmörkunum á óvarinni skortsölu.

Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi efnisgreinum viðmiðunarreglnanna:

¹ https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma_guidelines.pdf



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- Samkvæmt 20. efnisgrein þarf fjármálafyrirtæki sem hyggst nýta sér undanþágurnar að vera meðlimur þess viðskiptavettvangs þar sem hann miðlar fyrir eigin reikning (sjá skilgreiningu á viðskiptavakastarfsemi í efnisgrein 11). Þá á undanþágan eingöngu við þann fjármálagerning sem var tilkynntur til lögbærs yfirvalds.
- Samkvæmt 23. efnisgrein þá eiga undanþágurnar eingöngu við þegar um raunverulega viðskiptavakastarfsemi er að ræða.
- Samkvæmt 28. efnisgrein á hver undanþága við um einn tiltekinn fjármálagerning (e. exemption on a per instrument basis).
- Í 43. efnisgrein er fjallað um þau skilyrði sem aðili þarf að uppfylla ætli hann að nýta undanþágurnar. Þar kemur m.a. fram að aðili þurfi að halda skrá yfir tilboð og viðskipti sem varða viðskiptavakt þannig að hægt sé að greina þau frá tilboðum og viðskiptum eigin viðskipta (e. proprietary trading activities). Þá skal aðili hafa skilvirkt eftirlit og skipulag svo hann geti fylgst með þeirri starfsemi viðskiptavaka sem fellur undir undanþágurnar.
- Í 44.-52. gr. efnisgrein er umfjöllun um með hvaða hætti aðili þurfi að hegða sér á markaði s.s. við framsetningu tilboða svo að um viðskiptavakastarfsemi sé að ræða og að undanþágurnar eigi þar með við.
- Samkvæmt 64. efnisgrein skal aðili senda tilkynningu með því að nota það form sem finna má í viðauka I og II viðmiðunarreglnanna.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur ESMA á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni ef þau hyggjast nýta undanþágurnar. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Páll Friðriksson


Greipur Þ. Júlíusson